

## Mál nr. 1/2009

Ár 2009, mánudaginn 21. desember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 1/2009:

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

### I. Málsmeðferð siðanefndar

Þann 9. september 2009 barst siðanefnd erindi kæranda vegna skráningu hunda af hennar nafni sem seljanda yfir á nafn kaupanda. Var málið tekið fyrir til umræðu innan siðanefndar 25. nóvember og svo aftur 21. desember þar sem málið var tekið til úrlausnar þá þegar án frekari meðferðar.

### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi er ósátt við umskráningu hunda af hennar nafni yfir á nafn kaupanda þar sem ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn til að skrifstofu HRFÍ hafi verið rétt að umskrá hunda af hennar nafni yfir á nafn kaupanda. Er það mat kæranda að kaupverð hundanna hafi ekki fengist greitt og því beri skrifstofu HRFÍ að umskrá hundana að nýju og ættbækurnar verði þannig færðar yfir á hennar nafn.

### III. Forsendur

Hlutverk siðanefndar er tilgreint í 26. gr. laga félagsins sem er svohljóðandi:

Siðanefnd er ætlað að gæta þess að félagsmenn HRFÍ hafi í heiðri lög um dýravernd, lög HRFÍ og þær grundvallarreglur sem HRFÍ hefur sett sér varðandi meðferð hunda, hundarækt og sölu hunda og úrskurða í málum þeirra aðila sem taldir eru hafa brotið gegn reglum og markmiðum félagsins eða unnið gegn því á einhvern hátt innan félags eða utan.

Samkvæmt orðalagi ákvæðisins er siðanefnd þannig falið að fjalla um mál er tengjast einstökum félagsmönnum og þegar grunur er að slíkir aðilar hafi gerst brotlegir við lög félagsins eða aðra á mælisverða hegðun sem er tilgreind í ákvæðinu. Um viðurlög er siðanefnd getur beitt er einnig fjallað í 28. gr. laganna. Þau viðurlög beinast öll að félagsmönnum.

Af þeirri ástæðu er það mat siðanefndar að grunsemd um mistök starfsmanna skrifstofu HRFÍ falli utan verksviðs nefndarinnar. Siðanefnd bendir hins vegar á að stjórn félagsins hefur tilsjón með starfi starfsmanna félagsins samkvæmt e. lið 11. gr. laga félagsins. Er kæranda því bent á að beina erindi sínu til stjórnar HRFÍ.

### IV. Niðurstaða

Kærunni er vísað frá nefndinni.

f.h. siðanefndar